

Kæri viðtakandi

Nóvember 2020

**Efni: Sjóðurinn góði - oft er þörf en nú er nauðsyn**

Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni félagasamtaka í Árnessýslu. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum aðstoð fyrir jólahátíðina.

Á síðasta ári veitti sjóðurinn um 6.560.000 milljónir í styrki til um 178 einstaklinga og fjölskyldna í Árnessýslu. Fjölmörg fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar hafa á undanförunum árum lagt Sjóðunum góða lið með fjárframlögum og það ber að þakka.

**Enn er mikil þörf fyrir aðstoð til þeirra sem glíma við fjárhagserfiðleika. Til að geta veitt einstaklingum og fjölskyldum áfram þessa aðstoð þarf fjármagn. Því leitar starfshópur Sjóðsins góða til sveitarfélaga um fjárframlag. Öll framlög eru vel þegin.**

**Reikningsnúmer Sjóðsins góða er: 325-13-301169, kt. 560269-2269**

Umsóknir um aðstoð og úthlutun styrkja verður auglýst nánar í Dagkránni eftir miðjan nóvember.

Starfshópur Sjóðsins góða.

